



## Markaðskönnun vegna fyrirhugaðra kaupa á lausn fyrir skil í stafrænt pósthólf

Markaðskönnun þessi er undanfari innkaupa á lausn fyrir skil í stafrænt pósthólf. Kaupandi leitar að seljanda sem samstarfsaðila við innleiðingu á lausn varðandi birtingu skjala í stafrænu pósthólfi í samræmi við lög nr. 105/2021. Upplýsingar sem óskað er eftir í þessu samhengi eru:

- Listi yfir þau kerfi sem lausnin getur tengst og birt skjöl úr í stafrænu pósthólfi.
- Lýsing á hvernig lausnin er notuð við birtingu skjala í stafrænu pósthólfi.
- Lýsing á hvernig lausnin heldur utan um hvaða skjöl hafa verið birt og hvernig komið er í veg fyrir breytingar á skjölum sem hafa verið birt.
- Verð á lausn til sveitarfélaga.
- Kostnaður við innleiðingu.
- Rekstrarkostnaður við notkun lausnarinnar.
- Áætlaður tími frá því að samningur um kaup er undirritaður og þar til lausn er komin í fulla virkni.
- Hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að skipta út lausn seljanda fyrir aðra lausn ef til þess kemur í framtíðinni.
- Hvaða kröfur eru gerðar til tæknilegra innviða sveitarfélaga til að nýta sér lausnina.

Með þessari markaðskönnun fylgir listi yfir kröfur til lausnarinnar. Gera skal grein fyrir hvernig lausnin uppfyllir þær.

Gerður er greinarmunur á birtingu skjala og upplýsinga í stafrænu pósthólfi annars vegar, og sendingu og móttöku rafrænna reikninga hins vegar. Ekki er sérstaklega verið að leita að upplýsingum varðandi lausnir fyrir rafræna reikninga í þessari markaðskönnun, en slíkar upplýsingar mega fylgja með ef seljandi kýs.

Samband íslenskra sveitarfélaga ábyrgist ekki að markaðskönnun þessi leiði til innkaupa. Sérstaklega er tekið fram að þátttaka, sem og engin þátttaka, í markaðskönnun þessari mun ekki hafa nein áhrif á niðurstöðu komandi innkaupa.

### Aðrar upplýsingar sem óskað er eftir

- Nafn fyrirtækis.
- Fyrirtækjaprófíll, sem lýsir getu fyrirtækisins til að leysa og afhenda verkefnið.
- Nöfn allra samstarfsaðila, undirvinnsluaðila, framleiðanda vara, hugbúnaðar o.s.frv.
- Almennar upplýsingar um lausnina sem seljandi telur skipta máli.

Þátttakendur eru hvattir til að miðla öðrum upplýsingum sem gætu verið mikilvægar fyrir sveitarfélög. Heimilt er að bæta við frekari upplýsingum ef aðilar telja þess þörf.

Senda skal umbeðnar upplýsingar á pósthöfund [bjorgvin.sigurdsson@samband.is](mailto:bjorgvin.sigurdsson@samband.is) fyrir 6. september, 2024.